ÁLFHÓLSSKÓLI

# Skólanámskrá Álfhólsskóla

Námssviðsnámskrá
fyrir
ÍSLENSKU

# 1. bekkur

## A. Íslenska

Traust kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar. Lestur er öflugt tæki nemenda til að afla sér þekkingar auk þess sem tjáning í ræðu og riti er ein af nauðsynlegum forsendum þátttöku í samfélaginu. Íslenska hefur ákveðna sérstöðu meðal annarra námsgreina skólans. Mál og bókmenntir eru menningarafurð þjóðarinnar sem ber að rækta, virða, njóta og þróa. Gott og ríkulegt talmál er ein meginforsenda samskipta og miðlunar og svo á einnig við um ritmálið sem er miðill sköpunar og birtir nýja þekkingu. Með þeim hætti, meðal annars, gegnir íslenskukennsla því hlutverki að vera miðill hugsunar og eintal skrifara við sjálfan sig ef þörf krefur.

Við lok grunnskóla á nemandi að geta gert sér grein fyrir stöðu sinni og ábyrgð sem málnotanda. Hann á að átta sig á því að þegar skóla sleppir er það á hans ábyrgð að rækta og nýta málið sem tæki til náms, samskipta og þátttöku í lýðræðissamfélagi. Það er réttur hvers manns að öðlast þekkingu og færni í máli. Það skiptir einnig miklu að barn með annað mál en íslensku eigi þess kost að læra íslensku svo vel að það geti tekið fullan þátt í samfélaginu, notið menningar og átt þátt í því að móta hana.

**Tímafjöldi á viku:** 6 kennslustundir (40 mín) á viku.

### Námsfyrirkomulag og námsaðlögun:

Kennsluaðferðir og skipulag í lestri verður unnið eftir blönduðum aðferðum s.s. hljóðaaðferð og orðmyndaaðferð. Ennfremur eru sértækir þættir móðurmálsins, svo sem hljóðvitund, réttritun, skrift, orðaforði, setningabygging og málfræði tengd inn í ferlið. Nemendum er skipt niður í misstóra hópa sem kallast læsishópar og unnið er með efni og aðferðir sem henta hverjum hóp fyrir sig. Einstaklingsþörfum er þannig mætt í hverjum hópi. Tvisvar á vetri er staðan metin í hópunum og gerðar breytingar ef þurfa þykir. Sérstök áhersla er lögð á að auka færni sérhvers nemanda í öllum þáttum lestrar, lestrarlagi, lestrarhraða, lesskilningi og ritun.

### Námsmat og námsmatsaðlögun

Megintilgangur námsmat er að fylgjast með því hvernig nemendum tekst að ná hæfniviðmiðum, stuðla að námshvatningu, örva nemendur til framfara og meta hvaða aðstoð þeir þurfa. Matið byggist á lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga.

Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat sem gefur heildstæða mynd af hæfni nemandans og gefur honum færi á að sýna þekkingu, leikni og hæfni. Sjá nánar á Mentor.

## Grunnþættir menntunar

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í íslensku í 1. bekk

| Grunnþáttur | Áhersluþættir<br>Nemandi: |
|---|---|
| **Heilbrigði og velferð:** | • fær m.a. verkefni út frá styrkleikum og áhuga sem byggir upp jákvæða sjálfsmynd og heilbrigði. |
| **Jafnrétti:** | • fær námsefni, kennslu og verkefni út frá færni, getu og þörfum hverju sinni. |
| **Lýðræði og mannréttindi:** | • fær tækifæri til að hafa áhrif á eigið nám, velja verkefni út frá áhuga og taka lýðræðislegar ákvarðanir um námið,<br>• lærir að bera ábyrgð á eigin námi og setja sér markmið og leiðir að markmiðunum. |
| **Læsi:** | • eflir læsi á margan hátt, m.a. í gegnum yndislestur, ritun og bókmenntir,<br>• þjálfast í að lesa mismunandi texta með gagnrýnni hugsun og leggja skilning í þá út frá eigin þekkingu og reynslu. |
| **Sjálfbærni:** | • þjálfast í gagnrýnni hugsun,<br>• er sjálfur ábyrgur í því að skapa gott vinnuumhverfi. |
| **Sköpun:** | • vinnur margvísleg verkefni þar sem reynir á uppgötvun, áhuga og ímyndunarafl,<br>• mótar viðfangsefni sín og miðlar þeim til annarra. |

# 1.1. Talað mál, hlustun og áhorf

Í lýðræðisþjóðfélagi er brýnt að geta tekið virkan þátt í umræðum af ýmsu tagi þar sem móðurmálið er mikilvægt samskiptatæki. Nauðsynlegt er að geta tjáð skoðanir sínar, hvort sem er í námi, starfi, félagslífi eða einkalífi.  Því er mikilvægt að nemendur þjálfist í að segja skipulega frá og gera grein fyrir þekkingu sinni og skoðunum.  Kennsla í töluðu máli og hlustun beinist ekki einungis að því að efla samræður og samskipti í skólastofu, heldur einnig að styrkja hæfni nemanda í notkun ýmissa samskiptamiðla, til að mynda netmiðla þar sem töluðu máli og hlustun er beitt. Þar þarf m.a. að fjalla um siðferði í samskiptum og málnotkun.

| **Viðfangsefni** | **Námsefni** | **Hæfniviðmið** | **Leiðir** | **Mat** |
| --- | --- | --- | --- | --- |
| - Talað mál<br>- Hlustun<br>- Áhorf<br>- Munnleg frásögn<br>- Samræður og samskipta-reglur í hóp | - Lestrarlandið hljóðbók<br>- Sögubók<br>- Ljóðabækur<br>- Markviss málörvun | Nemandi geti:<br>- Beytt skýrum og áheyrilegum framburði.<br>- Tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu.<br>- Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri.<br>- Hlustað og horft með athygli á upplestur, liekið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni.<br>- Nýtt sér og endursagt efni á rafrænu formi.<br>- Átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi. | - Hlustun<br>- Upplestur<br>- Munnlegur flutningur<br>- Samvera<br>- Bekkjarfundir<br>- Leikir<br>- Tónlist og söngur<br>- Kynning fyrir foreldra | Námsmatsaðferðir grundvallast af hæfniviðmiðum viðkomandi námsgreinar. Sjá nánar á Mentor. |

## 1.2. Lestur og bókmenntir

Í hugtakinu læsi felst einkum tvennt, lestur og ritun. Á undanförnum árum hefur orðið mikil breyting á þeim kröfum sem samfélagið gerir til lestrarfærni. Það felst einkum í því að sá texti sem ber fyrir augu lesanda er mun fjölbreytilegri en áður og birtist ekki einungis á pappír heldur einnig á rafrænu formi og þá oft samsettur úr rituðum texta, mynd, táknmynd, látbragði, hljóði og hreyfimynd. Það gerir kröfu til þess að textinn sé lesinn gagnrýnum huga og lesandi ráði yfir ýmsum leiðum til skilnings og túlkunar og geti metið með gagnrýnum hætti áreiðanleika upplýsinga. Það er mikilvægt markmið lestrarkennslu að leið nemandans liggi til sjálfstæðis. Góð lestarfærni er undirstaða ævináms og þess að geta aflað sér upplýsinga sem gera kleift að taka virkan þátt í lífi og menningu þjóðarinnar. Íslenskur menningararfur er að verulegu leyti bundinn bókum og þess vegna kynnast nemendur honum best með lestri ýmiss konar bókmennta.

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið | Leiðir | Mat |
|---|---|---|---|---|
| - Lestur<br>- Lestrar-kennsla og lestrar-verkefni<br>- Ýmis konar bókmenntir, sögur og ljóð sem hæfa aldri og getu nemandans | - Lestrarlandið 1+, 2+,1, og 2<br>- Lestrarbækur af leslista Álfhólsskóla<br>- Valdar bækur úr bókakassa<br>- Verkefni frá kennara | Nemandi geti:<br>- Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr.<br>- Nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi.<br>- Tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess.<br>- Valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilings.<br>- Lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum.<br>- Beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap.<br>- Beitt fáeinum algengum hugtökum í bragfræði svo sem rími, kvæði, vísu og ljóðlínu.<br>- Aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi.<br>- Lesið úr táknmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, klortum og myndritum.<br>- Rímað. | - Yndislestur<br>- Upplestur<br>- Töflulestur<br>- Heimalestur<br>- Víxlestur<br>- Heimsóknir á bókasafn | Námsmatsaðferðir grundvallast af hæfniviðmiðum viðkomandi námsgreinar. Sjá nánar á Mentor. |

# 1.3. Ritun

Stöðugt aukast kröfur samfélagsins um að fólk geti skrifað margvíslega texta og tjáð sig skriflega í námi, starfi, félagslífi og einkalífi. Þeir sem hafa gott vald á rituðu máli hafa tök á að miðla efni til annarra. Þeir eru einnig líklegir til að njóta þess sem vel er gert og meta það sem aðrir birta. Með þessum hætti tengjast lestur og ritun. Nemendur þurfa að læra að gagnrýna og endurskoða eigin texta og einnig að taka uppbyggilegri og faglegri gagnrýni frá öðrum og nýta sér hana til að bæta ritsmíðar sínar.

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið | Leiðir | Mat |
|---|---|---|---|---|
| - Stafaverkeni<br>- Ítalíuskrift<br>- Sögugerð og frásagnir<br>- Hugtakakort<br>- Ljóð | - Ljósrituð hefti<br>- Skrift 1<br>- Sögubók<br>- 3+1 til ritunnar | Nemandi geti:<br>- Dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega.<br>- Nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi.<br>- Samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð.<br>- Beitt einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn.<br>- Nýtt sér fyrirmyndir í ritun svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis.<br>- Skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu.<br>- Skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höundar eða lestri lesanda. | -Sögugerð<br>-Skólaskrift | Námsmatsaðferðir grundvallast af hæfniviðmiðum viðkomandi námsgreinar. Sjá nánar á Mentor. |

# 1.4. Málfræði og stafsetning

Færni í notkun tungumáls, bæði móðurmáls og annarra mála, er grundvallaratriði í mannlegum samskiptum. Markmið málfræðikennslu í grunnskóla er að gera nemendur viðræðuhæfa um mál og málfar, gera þá að betri málnotendum og glæða áhuga þeirra á móðurmálinu. Málfræðihugtök koma að gagni þegar rætt er um mál og málnotkun. Þau eru nauðsynleg til þess að hafa full not af orðabókum, handbókum og öðrum gagnabrunnum um mál.  Málfræði og kennsla hennar má ekki vera einangrað fyrirbæri í kennslunni heldur virk í athugun á texta og töluðu máli, ekki síst í umfjöllun um texta nemenda sjálfra.

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið | Leiðir | Mat |
|---|---|---|---|---|
| - Stór og lítill stafur<br>- Rím<br>- Hljóð | - Lestrarlandið, vinnubók<br>- Ljósrituð hefti og blöð<br>- Læsis mappa inn á sameigninni | Nemandi geti:<br>- Beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ráðið yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska.<br>- Þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein.<br>- Raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag.<br>- Gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingaroroða og sagnorða.<br>- Leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins, svo sem margræðni orða og fundið kyn og tölu.<br>- Búið til málsgreinar og ráðið við að greina málsgreinar í eigin texta.<br>- Greint mun á samnöfnum og sérnöfnum og m.a.a bent á þau í eigin texta.<br>- Leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma og fara í orðaleiki.<br>- Beitt einföldum málfræði og stafsetningarreglum.<br>- Þekkt stóran og lítinn staf.<br>- Þekkt og fundið bókstafi, hljóð, orð og setningar. | - Stafainnlögn<br>- Námsspil og leikir<br>- Orðaleit | Námsmatsaðferðir grundvallast af hæfniviðmiðum viðkomandi námsgreinar. Sjá nánar á Mentor. |

## Bjargir fyrir kennara og nemendur

- Íslenska í 1. og 2. bekk
- Handbók kennara
- skolavefurinn.is
- nams.is
- vigfusina.is
- Læsismappa á sameign kennara

# 2. bekkur

## A. Íslenska

Traust kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar. Lestur er öflugt tæki nemenda til að afla sér þekkingar auk þess sem tjáning í ræðu og riti er ein af nauðsynlegum forsendum þátttöku í samfélaginu. Íslenska hefur ákveðna sérstöðu meðal annarra námsgreina skólans. Mál og bókmenntir eru menningarafurð þjóðarinnar sem ber að rækta, virða, njóta og þróa. Gott og ríkulegt talmál er ein meginforsenda samskipta og miðlunar og svo á einnig við um ritmálið sem er miðill sköpunar og birtir nýja þekkingu. Með þeim hætti, meðal annars, gegnir íslenskukennsla því hlutverki að vera miðill hugsunar og eintal skrifara við sjálfan sig ef þörf krefur.

Við lok grunnskóla á nemandi að geta gert sér grein fyrir stöðu sinni og ábyrgð sem málnotanda. Hann á að átta sig á því að þegar skóla sleppir er það á hans ábyrgð að rækta og nýta málið sem tæki til náms, samskipta og þátttöku í lýðræðissamfélagi. Það er réttur hvers manns að öðlast þekkingu og færni í máli. Það skiptir einnig miklu að barn með annað mál en íslensku eigi þess kost að læra íslensku svo vel að það geti tekið fullan þátt í samfélaginu, notið menningar og átt þátt í því að móta hana.

**Tímafjöldi á viku:** 6 kennslustundir (40 mín)

**Námsfyrirkomulag og námsaðlögun:**
Kennsluaðferðir og skipulag í lestri verður unnið eftir blönduðum aðferðum s.s. hljóðaaðferð og orðmyndaaðferð. Ennfremur eru sértækir þættir móðurmálsins, svo sem hljóðvitund, réttritun, skrift, orðaforði, setningabygging og málfræði tengd inn í ferlið. Nemendum er skipt niður í misstóra hópa sem kallast læsishópar og unnið er með efni og aðferðir sem henta hverjum hóp fyrir sig. Einstaklingsþörfum er þannig mætt í hverjum hópi. Tvisvar á vetri er staðan metin í hópunum og gerðar breytingar ef þurfa þykir. Sérstök áhersla er lögð á að auka færni sérhvers nemanda í öllum þáttum lestrar, lestrarlagi, lestrarhraða, lesskilningi og ritun.

**Námsmat og námsmatsaðlögun**
Megintilgangur námsmat er að fylgjast með því hvernig nemendum tekst að ná hæfniviðmiðum, stuðla að námshvatningu, örva nemendur til framfara og meta hvaða aðstoð þeir þurfa. Matið byggist á lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga. Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat sem gefur heildstæða mynd af hæfni nemandans og gefur honum færi á að sýna þekkingu, leikni og hæfni. Sjá nánar á Mentor.

## Grunnþættir menntunar

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþættir menntunar í íslensku í 2. bekk

| Grunnþáttur | Áhersluþættir<br>Nemandi: |
|---|---|
| **Heilbrigði og velferð:** | • fær m.a. verkefni út frá styrkleikum og áhuga sem byggir upp jákvæða sjálfsmynd og heilbrigði. |
| **Jafnrétti:** | • fær námsefni, kennslu og verkefni út frá færni, getu og þörfum hverju sinni. |
| **Lýðræði og mannréttindi:** | • fær tækifæri til að hafa áhrif á eigið nám, velja verkefni út frá áhuga og taka lýðræðislegar ákvarðanir um námið,<br>• lærir að bera ábyrgð á eigin námi og setja sér markmið og leiðir að markmiðunum. |
| **Læsi:** | • eflir læsi á margan hátt, m.a. í gegnum yndislestur, ritun og bókmenntir,<br>• þjálfast í að lesa mismunandi texta með gagnrýnni hugsun og leggja skilning í þá út frá eigin þekkingu og reynslu. |
| **Sjálfbærni:** | • þjálfast í gagnrýnni hugsun,<br>• er sjálfur ábyrgur í því að skapa gott vinnuumhverfi. |
| **Sköpun:** | • vinnur margvísleg verkefni þar sem reynir á uppgötvun, áhuga og ímyndunarafl,<br>• mótar viðfangsefni sín og miðlar þeim til annarra. |

# 1.1. Talað mál, hlustun og áhorf

Í lýðræðisþjóðfélagi er brýnt að geta tekið virkan þátt í umræðum af ýmsu tagi þar sem móðurmálið er mikilvægt samskiptatæki. Nauðsynlegt er að geta tjáð skoðanir sínar, hvort sem er í námi, starfi, félagslífi eða einkalífi. Því er mikilvægt að nemendur þjálfist í að segja skipulega frá og gera grein fyrir þekkingu sinni og skoðunum. Kennsla í töluðu máli og hlustun beinist ekki einungis að því að efla samræður og samskipti í skólastofu, heldur einnig að styrkja hæfni nemanda í notkun ýmissa samskiptamiðla, til að mynda netmiðla þar sem töluðu máli og hlustun er beitt. Þar þarf m.a. að fjalla um siðferði í samskiptum og málnotkun.

| **Viðfangsefni** | **Námsefni** | **Hæfniviðmið** | **Leiðir** | **Mat** |
|---|---|---|---|---|
| - Talað mál<br>- Hlustun<br>- Áhorf<br>- Munnleg frásögn<br>- Samræður og samskiptareglur í hóp | - Sögubókin<br>- Ýmis ljósrituð verkefni<br>- Lestrarbækur | Nemandi geti:<br>- Beytt skýrum og áheyrilegum framburði.<br>- Tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu.<br>- Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri.<br>- Hlustað og horft með athygli á upplestur, liekið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni.<br>- Nýtt sér og endursagt efni á rafrænu formi.<br>- Átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi. | - Hlustun<br>- Upplestur<br>- Munnlegur flutningur<br>- Samvera<br>- Bekkjarfundir<br>- Leikir<br>- Kynning fyrir foreldra | Námsmatsaðferðir grundvallast af hæfniviðmiðum viðkomandi námsgreinar. Sjá nánar á Mentor. |

# 1.2. Lestur og bókmenntir

Í hugtakinu læsi felst einkum tvennt, lestur og ritun. Á undanförnum árum hefur orðið mikil breyting á þeim kröfum sem samfélagið gerir til lestrarfærni. Það felst einkum í því að sá texti sem ber fyrir augu lesanda er mun fjölbreytilegri en áður og birtist ekki einungis á pappír heldur einnig á rafrænu formi og þá oft samsettur úr rituðum texta, mynd, táknmynd, látbragði, hljóði og hreyfimynd. Það gerir kröfu til þess að textinn sé lesinn gagnrýnum huga og lesandi ráði yfir ýmsum leiðum til skilnings og túlkunar og geti metið með gagnrýnum hætti áreiðanleika upplýsinga. Það er mikilvægt markmið lestrarkennslu að leið nemandans liggi til sjálfstæðis. Góð lestarfærni er undirstaða ævináms og þess að geta aflað sér upplýsinga sem gera kleift að taka virkan þátt í lífi og menningu þjóðarinnar. Íslenskur menningararfur er að verulegu leyti bundinn bókum og þess vegna kynnast nemendur honum best með lestri ýmiss konar bókmennta.

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið | Leiðir | Mat |
|---|---|---|---|---|
| - Lestur<br>- Lestrarkennsla og lestrarverkefni<br>- Yndislestur<br>- Ýmis konar bókmenntir, sögur og ljóð sem hæfa aldri og getu nemandans | - Lestrarbækur af leslista Álfhólsskóla<br>- Bækur af bókasafni/úr bókakassa sem nemendur velja sér sjálfir<br>- Ýmis verkefni úr LÆSIS möppu<br>- Ljósrituð verkefni | Nemandi geti:<br>- Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr.<br>- Nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi.<br>- Tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess.<br>- Valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilings.<br>- Lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum.<br>- Beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap.<br>- Beitt fáeinum algengum hugtökum í bragfræði svo sem rími, kvæði, vísu og ljóðlínu.<br>- Aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi.<br>- Lesið úr táknmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, klortum og myndritum.<br>- Rímað | - Yndislestur<br>- Upplestur<br>- Heimalestur<br>- Víxllestur<br>- Hugtakakort<br>- Heimsóknir á bókasafn<br>- Verkefnavinna | Námsmatsaðferðir grundvallast af hæfniviðmiðum viðkomandi námsgreinar. Sjá nánar á Mentor. |

# 1.3. Ritun

Stöðugt aukast kröfur samfélagsins um að fólk geti skrifað margvíslega texta og tjáð sig skriflega í námi, starfi, félagslífi og einkalífi. Þeir sem hafa gott vald á rituðu máli hafa tök á að miðla efni til annarra. Þeir eru einnig líklegir til að njóta þess sem vel er gert og meta það sem aðrir birta. Með þessum hætti tengjast lestur og ritun.  Nemendur þurfa að læra að gagnrýna og endurskoða eigin texta og einnig að taka uppbyggilegri og faglegri gagnrýni frá öðrum og nýta sér hana til að bæta ritsmíðar sínar.

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið | Leiðir | Mat |
|---|---|---|---|---|
| - Ritun<br>- Ítalíuskrift<br>- Einföld sögugerð og frásagnir<br>- Hugtakakort<br>- Ljóð | - Skrift 2 og skriftarhefti<br>- Sögubókin | Nemandi geti:<br>- Dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega.<br>- Nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi.<br>- Samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð.<br>- Beitt einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn.<br>- Nýtt sér fyrirmyndir í ritun svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis.<br>- Skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu.<br>- Skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höundar eða lestri lesanda. | - Ljóðagerð<br>- Fjölbreyttur texti<br>- Sögugerð<br>- Hugatakakort<br>- Skólaskrift | Námsmatsaðferðir grundvallast af hæfniviðmiðum viðkomandi námsgreinar. Sjá nánar á Mentor. |

# 1.4. Málfræði og stafsetning

Færni í notkun tungumáls, bæði móðurmáls og annarra mála, er grundvallaratriði í mannlegum samskiptum. Markmið málfræðikennslu í grunnskóla er að gera nemendur viðræðuhæfa um mál og málfar, gera þá að betri málnotendum og glæða áhuga þeirra á móðurmálinu. Málfræðihugtök koma að gagni þegar rætt er um mál og málnotkun. Þau eru nauðsynleg til þess að hafa full not af orðabókum, handbókum og öðrum gagnabrunnum um mál. Málfræði og kennsla hennar má ekki vera einangrað fyrirbæri í kennslunni heldur virk í athugun á texta og töluðu máli, ekki síst í umfjöllun um texta nemenda sjálfra.

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið | Leiðir | Mat |
|---|---|---|---|---|
| - Stafsetning<br>- Stafrófið<br>- Sjónrænn orðaforði Nafnorð<br>- Samsett orð<br>- Rím<br>- Sérnöfn og samnöfn | - Ritrún 1og 2<br>- Verkefni frá kennara | Nemandi geti:<br>- Beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ráðið yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska.<br>- Þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein.<br>- Raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag.<br>- Gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða.<br>- Leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins, svo sem margræðni orða og fundið kyn og tölu.<br>- Búið til málsgreinar og ráðið við að greina málsgreinar í eigin texta.<br>- Greint mun á samnöfnum og sérnöfnum og m.a.a bent á þau í eigin texta.<br>- Leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma og fara í orðaleiki.<br>- Beitt einföldum málfræði og stafsetningarreglum.<br>- Þekkt stóran og lítinn staf.<br>- Þekkt og fundið bókstafi, hljóð, orð og setningar. | - Krossgátur<br>- Ritun eftir upplestri<br>- Námsspil og leikir<br>- Orðaleit<br>- Sóknaskrift<br>- Stafrófsvinna | Námsmatsaðferðir grundvallast af hæfniviðmiðum viðkomandi námsgreinar. Sjá nánar á Mentor. |

## Bjargir fyrir kennara og nemendur

- Íslenska í 1. og 2. Bekk
- Handbók kennara
- skolavefurinn.is
- nams.is
- vigfusina.is
- Læsismappa á sameign kennara
- smarttafla.

# 3. bekkur

## A. Íslenska

Traust kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar. Lestur er öflugt tæki nemenda til að afla sér þekkingar auk þess sem tjáning í ræðu og riti er ein af nauðsynlegum forsendum þátttöku í samfélaginu. Íslenska hefur ákveðna sérstöðu meðal annarra námsgreina skólans. Mál og bókmenntir eru menningarafurð þjóðarinnar sem ber að rækta, virða, njóta og þróa. Gott og ríkulegt talmál er ein meginforsenda samskipta og miðlunar og svo á einnig við um ritmálið sem er miðill sköpunar og birtir nýja þekkingu. Með þeim hætti, meðal annars, gegnir íslenskukennsla því hlutverki að vera miðill hugsunar og eintal skrifara við sjálfan sig ef þörf krefur.

Við lok grunnskóla á nemandi að geta gert sér grein fyrir stöðu sinni og ábyrgð sem málnotanda. Hann á að átta sig á því að þegar skóla sleppir er það á hans ábyrgð að rækta og nýta málið sem tæki til náms, samskipta og þátttöku í lýðræðissamfélagi. Það er réttur hvers manns að öðlast þekkingu og færni í máli. Það skiptir einnig miklu að barn með annað mál en íslensku eigi þess kost að læra íslensku svo vel að það geti tekið fullan þátt í samfélaginu, notið menningar og átt þátt í því að móta hana.

**Tímafjöldi á viku:** 6 kennslustundir (40 mín)

**Námsfyrirkomulag og námsaðlögun:**
Kennsluaðferðir og skipulag í lestri verður unnið eftir blönduðum aðferðum s.s. hljóðaaðferð og orðmyndaaðferð. Ennfremur eru sértækir þættir móðurmálsins, svo sem hljóðvitund, réttritun, skrift, orðaforði, setningabygging og málfræði tengd inn í ferlið. Nemendum er skipt niður í misstóra hópa sem kallast læsishópar og unnið er með efni og aðferðir sem henta hverjum hóp fyrir sig. Einstaklingsþörfum er þannig mætt í hverjum hópi. Tvisvar á vetri er staðan metin í hópunum og gerðar breytingar ef þurfa þykir. Sérstök áhersla er lögð á að auka færni sérhvers nemanda í öllum þáttum lestrar, lestrarlagi, lestrarhraða, lesskilningi og ritun.

**Námsmat og námsmatsaðlögun**
Megintilgangur námsmat er að fylgjast með því hvernig nemendum tekst að ná hæfniviðmiðum, stuðla að námshvatningu, örva nemendur til framfara og meta hvaða aðstoð þeir þurfa. Matið byggist á lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga.

Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat sem gefur heildstæða mynd af hæfni nemandans og gefur honum færi á að sýna þekkingu, leikni og hæfni. Sjá nánar á Mentor.

## Grunnþættir menntunar

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í íslensku í 3. bekk

| Grunnþáttur | Áhersluþættir<br>Nemandi: |
|---|---|
| **Heilbrigði og velferð:** | • fær m.a. verkefni út frá styrkleikum og áhuga sem byggir upp jákvæða sjálfsmynd og heilbrigði. |
| **Jafnrétti:** | • fær námsefni, kennslu og verkefni út frá færni, getu og þörfum hverju sinni. |
| **Lýðræði og mannréttindi:** | • fær tækifæri til að hafa áhrif á eigið nám, velja verkefni út frá áhuga og taka lýðræðislegar ákvarðanir um námið,<br>• lærir að bera ábyrgð á eigin námi og setja sér markmið og leiðir að markmiðunum. |
| **Læsi:** | • eflir læsi á margan hátt, m.a. í gegnum yndislestur, ritun og bókmenntir,<br>• þjálfast í að lesa mismunandi texta með gagnrýnni hugsun og leggja skilning í þá út frá eigin þekkingu og reynslu. |
| **Sjálfbærni:** | • þjálfast í gagnrýnni hugsun,<br>• er sjálfur ábyrgur í því að skapa gott vinnuumhverfi. |
| **Sköpun:** | • vinnur margvísleg verkefni þar sem reynir á uppgötvun, áhuga og ímyndunarafl,<br>• mótar viðfangsefni sín og miðlar þeim til annarra. |

# 1.1. Talað mál, hlustun og áhorf

Í lýðræðisþjóðfélagi er brýnt að geta tekið virkan þátt í umræðum af ýmsu tagi þar sem móðurmálið er mikilvægt samskiptatæki. Nauðsynlegt er að geta tjáð skoðanir sínar, hvort sem er í námi, starfi, félagslífi eða einkalífi.  Því er mikilvægt að nemendur þjálfist í að segja skipulega frá og gera grein fyrir þekkingu sinni og skoðunum.  Kennsla í töluðu máli og hlustun beinist ekki einungis að því að efla samræður og samskipti í skólastofu, heldur einnig að styrkja hæfni nemanda í notkun ýmissa samskiptamiðla, til að mynda netmiðla þar sem töluðu máli og hlustun er beitt. Þar þarf m.a. að fjalla um siðferði í samskiptum og málnotkun.

| **Viðfangsefni** | **Námsefni** | **Hæfniviðmið** | **Leiðir** | **Mat** |
|---|---|---|---|---|
| - Talað mál<br>- Hlustun<br>- Áhorf<br>- Munnleg frásögn<br>- Samræður<br>- Samskipta-reglur í hóp | - Sögubókin<br>- Ýmis ljósrituð verkefni<br>- Seigluverkefni<br>- Lestrarbækur | Nemandi geti:<br>- Beytt skýrum og áheyrilegum framburði.<br>- Tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu.<br>- Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri.<br>- Hlustað og horft með athygli á upplestur, liekið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni.<br>- Nýtt sér og endursagt efni á rafrænu formi.<br>- Átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi. | - Hlustun<br>- Upplestur<br>- Munnlegur flutningur<br>- Samvera<br>- Bekkjarfundir<br>- Leikir<br>- Kynning fyrir foreldra | Námsmatsaðferðir grundvallast af hæfniviðmiðum viðkomandi námsgreinar. Sjá nánar á Mentor. |

# 1.2. Lestur og bókmenntir

Í hugtakinu læsi felst einkum tvennt, lestur og ritun. Á undanförnum árum hefur orðið mikil breyting á þeim kröfum sem samfélagið gerir til lestrarfærni. Það felst einkum í því að sá texti sem ber fyrir augu lesanda er mun fjölbreytilegri en áður og birtist ekki einungis á pappír heldur einnig á rafrænu formi og þá oft samsettur úr rituðum texta, mynd, táknmynd, látbragði, hljóði og hreyfimynd. Það gerir kröfu til þess að textinn sé lesinn gagnrýnum huga og lesandi ráði yfir ýmsum leiðum til skilnings og túlkunar og geti metið með gagnrýnum hætti áreiðanleika upplýsinga. Það er mikilvægt markmið lestrarkennslu að leið nemandans liggi til sjálfstæðis. Góð lestarfærni er undirstaða ævináms og þess að geta aflað sér upplýsinga sem gera kleift að taka virkan þátt í lífi og menningu þjóðarinnar. Íslenskur menningararfur er að verulegu leyti bundinn bókum og þess vegna kynnast nemendur honum best með lestri ýmiss konar bókmennta.

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið | Leiðir | Mat |
|---|---|---|---|---|
| - Lestur<br>- Lestrar-<br>- kennsla og lestrar-verkefni<br>- Yndislestur<br>- Ýmis konar bókmenntir, sögur og ljóð sem hæfa aldri og getu nemandans | - Lestrarbækur af leslista Álfhólsskóla<br>- Bækur af bókasafni/úr bókakassa sem nemendur velja sér sjálfir<br>- Ýmis verkefni úr LÆSIS möppu<br>- Ljósrituð verkefni<br>- Dagblöð | Nemandi geti:<br>- Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr.<br>- Nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi.<br>- Tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess.<br>- Valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilings.<br>- Lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum.<br>- Beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap.<br>- Beitt fáeinum algengum hugtökum í bragfræði svo sem rími, kvæði, vísu og ljóðlínu.<br>- Aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi.<br>- Lesið úr táknmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, klortum og myndritum.<br>Rímað. | - Yndislestur<br>- Upplestur<br>- Heimalestur<br>- Víxllestur<br>- Hugtakakort<br>- Heimsóknir á bókasafn | Námsmatsaðferðir grundvallast af hæfniviðmiðum viðkomandi námsgreinar. Sjá nánar á Mentor. |

# 1.3. Ritun

Stöðugt aukast kröfur samfélagsins um að fólk geti skrifað margvíslega texta og tjáð sig skriflega í námi, starfi, félagslífi og einkalífi. Þeir sem hafa gott vald á rituðu máli hafa tök á að miðla efni til annarra. Þeir eru einnig líklegir til að njóta þess sem vel er gert og meta það sem aðrir birta. Með þessum hætti tengjast lestur og ritun. Nemendur þurfa að læra að gagnrýna og endurskoða eigin texta og einnig að taka uppbyggilegri og faglegri gagnrýni frá öðrum og nýta sér hana til að bæta ritsmíðar sínar.

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið | Leiðir | Mat |
|---|---|---|---|---|
| - Ritun<br>- Ítalíuskrift<br>- Sögugerð og frásagnir<br>- Hugtakakort | - Skrift 2 og 3<br>- Sögubókin | Nemandi geti:<br>- Dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega.<br>- Nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi.<br>- Samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð.<br>- Beitt einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn.<br>- Nýtt sér fyrirmyndir í ritun svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis.<br>- Skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu.<br>- Skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höundar eða lestri lesanda. | - Ljóðagerð<br>- Fjölbreyttur texti<br>- Sögugerð<br>- Hugatakakort<br>- Skólaskrift<br>- Minnislisti og innkaupalisti<br>- Heimildatexti<br>- Bréfaskriftir | Námsmatsaðferðir grundvallast af hæfniviðmiðum viðkomandi námsgreinar. Sjá nánar á Mentor. |

# 1.4. Málfræði og stafsetning

Færni í notkun tungumáls, bæði móðurmáls og annarra mála, er grundvallaratriði í mannlegum samskiptum. Markmið málfræðikennslu í grunnskóla er að gera nemendur viðræðuhæfa um mál og málfar, gera þá að betri málnotendum og glæða áhuga þeirra á íslensku. Málfræðihugtök koma að gagni þegar rætt er um mál og málnotkun. Þau eru nauðsynleg til þess að hafa full not af orðabókum, handbókum og öðrum gagnabrunnum um mál.  Málfræði og kennsla hennar má ekki vera einangrað fyrirbæri í kennslunni heldur virk í athugun á texta og töluðu máli, ekki síst í umfjöllun um texta nemenda sjálfra.

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið | Leiðir | Mat |
|---|---|---|---|---|
| - Stafsetning<br>- Stafrófið<br>- Sjónrænn orðaforði<br>- Stór og lítill stafur<br>- Nafnorð<br>- Sagnorð<br>- Lýsingarorð<br>- Samsett orð<br>- Samheiti<br>- Andheiti<br>- Kyn og tala | - Ritrún 2 og 3<br>- Skinna 1<br>- Verkefni frá kennara | Nemandi geti:<br>- Beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ráðið yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska.<br>- Þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein.<br>- Raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag.<br>- Gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingaroroða og sagnorða.<br>- Leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins, svo sem margræðni orða og fundið kyn og tölu.<br>- Búið til málsgreinar og ráðið við að greina málsgreinar í eigin texta.<br>- Greint mun á samnöfnum og sérnöfnum og m.a.a bent á þau í eigin texta.<br>- Leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma og fara í orðaleiki.<br>- Beitt einföldum málfræði og stafsetningarreglum.<br>- Þekkt stóran og lítinn staf.<br>Þekkt og fundið bókstafi, hljóð, orð og setningar. | - Krossgátur<br>- Ritun eftir upplestri<br>- Námsspil og leikir<br>- Orðaleit<br>- Sóknarskrift<br>- Stafrófsvinna | Námsmatsaðferðir grundvallast af hæfniviðmiðum viðkomandi námsgreinar. Sjá nánar á Mentor. |

# Bjargir fyrir kennara og nemendur

- Íslenska í 3. og 4. bekk - Handbók kennara
- Skolavefurinn.is
- nams.is
- vigfusina.is
- Læsismappa á sameign kennara
- smarttafla.

# 4. bekkur

## A. Íslenska

Traust kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar. Lestur er öflugt tæki nemenda til að afla sér þekkingar auk þess sem tjáning í ræðu og riti er ein af nauðsynlegum forsendum þátttöku í samfélaginu. Íslenska hefur ákveðna sérstöðu meðal annarra námsgreina skólans. Mál og bókmenntir eru menningarafurð þjóðarinnar sem ber að rækta, virða, njóta og þróa. Gott og ríkulegt talmál er ein meginforsenda samskipta og miðlunar og svo á einnig við um ritmálið sem er miðill sköpunar og birtir nýja þekkingu. Með þeim hætti, meðal annars, gegnir íslenskukennsla því hlutverki að vera miðill hugsunar og eintal skrifara við sjálfan sig ef þörf krefur.

Við lok grunnskóla á nemandi að geta gert sér grein fyrir stöðu sinni og ábyrgð sem málnotanda. Hann á að átta sig á því að þegar skóla sleppir er það á hans ábyrgð að rækta og nýta málið sem tæki til náms, samskipta og þátttöku í lýðræðissamfélagi. Það er réttur hvers manns að öðlast þekkingu og færni í máli. Það skiptir einnig miklu að barn með annað mál en íslensku eigi þess kost að læra íslensku svo vel að það geti tekið fullan þátt í samfélaginu, notið menningar og átt þátt í því að móta hana.

**Tímafjöldi á viku:** 6 kennslustundir (40 mín)

**Námsfyrirkomulag og námsaðlögun:**

Kennsluaðferðir og skipulag í lestri verður unnið eftir blönduðum aðferðum s.s. hljóðaaðferð og orðmyndaaðferð. Ennfremur eru sértækir þættir móðurmálsins, svo sem hljóðvitund, réttritun, skrift, orðaforði, setningabygging og málfræði tengd inn í ferlið. Nemendum er skipt niður í misstóra hópa sem kallast læsishópar og unnið er með efni og aðferðir sem henta hverjum hóp fyrir sig. Einstaklingsþörfum er þannig mætt í hverjum hópi. Tvisvar á vetri er staðan metin í hópunum og gerðar breytingar ef þurfa þykir. Sérstök áhersla er lögð á að auka færni sérhvers nemanda í öllum þáttum lestrar, lestrarlagi, lestrarhraða, lesskilningi og ritun.

**Námsmat og námsmatsaðlögun**

Megintilgangur námsmat er að fylgjast með því hvernig nemendum tekst að ná hæfniviðmiðum, stuðla að námshvatningu, örva nemendur til framfara og meta hvaða aðstoð þeir þurfa. Matið byggist á lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga.

Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat sem gefur heildstæða mynd af hæfni nemandans og gefur honum færi á að sýna þekkingu, leikni og hæfni. Sjá nánar á Mentor.

## Grunnþættir menntunar

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþættir menntunar í íslensku í 4. bekk

| Grunnþáttur | Áhersluþættir<br>Nemandi |
|---|---|
| **Heilbrigði og velferð:** | • fær m.a. verkefni út frá styrkleikum og áhuga sem byggir upp jákvæða sjálfsmynd og heilbrigði. |
| **Jafnrétti:** | • fær námsefni, kennslu og verkefni út frá færni, getu og þörfum hverju sinni. |
| **Lýðræði og mannréttindi:** | • fær tækifæri til að hafa áhrif á eigið nám, velja verkefni út frá áhuga og taka lýðræðislegar ákvarðanir um námið,<br>• lærir að bera ábyrgð á eigin námi og setja sér markmið og leiðir að markmiðunum. |
| **Læsi:** | • eflir læsi á margan hátt, m.a. í gegnum yndislestur, ritun og bókmenntir,<br>• þjálfast í að lesa mismunandi texta með gagnrýnni hugsun og leggja skilning í þá út frá eigin þekkingu og reynslu. |
| **Sjálfbærni:** | • þjálfast í gagnrýnni hugsun,<br>• er sjálfur ábyrgur í því að skapa gott vinnuumhverfi. |
| **Sköpun:** | • vinnur margvísleg verkefni þar sem reynir á uppgötvun, áhuga og ímyndunarafl,<br>• mótar viðfangsefni sín og miðlar þeim til annarra. |

# 1.1. Talað mál, hlustun og áhorf

Í lýðræðisþjóðfélagi er brýnt að geta tekið virkan þátt í umræðum af ýmsu tagi þar sem móðurmálið er mikilvægt samskiptatæki. Nauðsynlegt er að geta tjáð skoðanir sínar, hvort sem er í námi, starfi, félagslífi eða einkalífi. Því er mikilvægt að nemendur þjálfist í að segja skipulega frá og gera grein fyrir þekkingu sinni og skoðunum. Kennsla í töluðu máli og hlustun beinist ekki einungis að því að efla samræður og samskipti í skólastofu, heldur einnig að styrkja hæfni nemanda í notkun ýmissa samskiptamiðla, til að mynda netmiðla þar sem töluðu máli og hlustun er beitt. Þar þarf m.a. að fjalla um siðferði í samskiptum og málnotkun.

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið | Leiðir | Mat |
|---|---|---|---|---|
| - Talað mál<br>- Hlustun<br>- Áhorf<br>- Munnleg frásögn<br>- Samræður og samskipta-reglur í hóp | - Sögubókin<br>- Ýmis ljósrituð verkefni<br>- Ljóðahefti<br>- Ljóðsproti<br>- Lestrarbækur | Nemandi geti:<br>- Beytt skýrum og áheyrilegum framburði.<br>- Tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu.<br>- Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri.<br>- Hlustað og horft með athygli á upplestur, liekið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni.<br>- Nýtt sér og endursagt efni á rafrænu formi.<br>- Átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi. | - Hlustun<br>- Upplestur<br>- Munnlegur flutningur<br>- Samvera<br>- Bekkjarfundir<br>- Leikir<br>- Kynning fyrir foreldra | Námsmatsaðferðir grundvallast af hæfniviðmiðum viðkomandi námsgreinar. Sjá nánar á Mentor. |

# 1.2. Lestur og bókmenntir

Í hugtakinu læsi felst einkum tvennt, lestur og ritun. Á undanförnum árum hefur orðið mikil breyting á þeim kröfum sem samfélagið gerir til lestrarfærni. Það felst einkum í því að sá texti sem ber fyrir augu lesanda er mun fjölbreytilegri en áður og birtist ekki einungis á pappír heldur einnig á rafrænu formi og þá oft samsettur úr rituðum texta, mynd, táknmynd, látbragði, hljóði og hreyfimynd. Það gerir kröfu til þess að textinn sé lesinn gagnrýnum huga og lesandi ráði yfir ýmsum leiðum til skilnings og túlkunar og geti metið með gagnrýnum hætti áreiðanleika upplýsinga. Það er mikilvægt markmið lestrarkennslu að leið nemandans liggi til sjálfstæðis. Góð lestarfærni er undirstaða ævináms og þess að geta aflað sér upplýsinga sem gera kleift að taka virkan þátt í lífi og menningu þjóðarinnar. Íslenskur menningararfur er að verulegu leyti bundinn bókum og þess vegna kynnast nemendur honum best með lestri ýmiss konar bókmennta.

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið | Leiðir | Mat |
|---|---|---|---|---|
| - Lestur<br>- Lestrar-kennsla og lestrar-verkefni<br>- Yndislestur<br>- Ýmis konar bókmenntir, sögur og ljóð sem hæfa aldri og getu nemandans | - Lestrarbækur af leslista Álfhólsskóla<br>- Bækur af bókasafni/úr bókakassa sem nemendur velja sér sjálfir<br>- Ýmis verkefni úr LÆSIS möppu<br>- Ljósrituð verkefni<br>- Dagblöð<br>- Valin ævintýri og/eða þjóðsögur | Nemandi geti:<br>- Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr.<br>- Nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi.<br>- Tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess.<br>- Valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilings.<br>- Lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum.<br>- Beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap.<br>- Beitt fáeinum algengum hugtökum í bragfræði svo sem rími, kvæði, vísu og ljóðlínu.<br>- Aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi.<br>- Lesið úr táknmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, klortum og myndritum.<br>- Rímað. | - Yndislestur<br>- Upplestur<br>- Heimalestur<br>- Víxllestur<br>- Hugtakakort<br>- Heimsóknir á bókasafn | Námsmatsaðferðir grundvallast af hæfniviðmiðum viðkomandi námsgreinar. Sjá nánar á Mentor. |

# 1.3. Ritun

Stöðugt aukast kröfur samfélagsins um að fólk geti skrifað margvíslega texta og tjáð sig skriflega í námi, starfi, félagslífi og einkalífi. Þeir sem hafa gott vald á rituðu máli hafa tök á að miðla efni til annarra. Þeir eru einnig líklegir til að njóta þess sem vel er gert og meta það sem aðrir birta. Með þessum hætti tengjast lestur og ritun. Nemendur þurfa að læra að gagnrýna og endurskoða eigin texta og einnig að taka uppbyggilegri og faglegri gagnrýni frá öðrum og nýta sér hana til að bæta ritsmíðar sínar.

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið | Leiðir | Mat |
|---|---|---|---|---|
| - Ritun<br>- Ítalíuskrift<br>- Sögugerð og frásagnir<br>- Hugtakakort<br>- Ljóð | - Skrift 4<br>- Sögu-bókin | Nemandi geti:<br>- Dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega.<br>- Nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi.<br>- Samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð.<br>- Beitt einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn.<br>- Nýtt sér fyrirmyndir í ritun svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis.<br>- Skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu.<br>- Skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höundar eða lestri lesanda. | - Ljóðagerð<br>- Fjölbreyttur texti<br>- Sögugerð<br>- Hugatakakort<br>- Skólaskrift<br>- Minnislisti og innkaupalisti<br>- Heimildatexti<br>- Bréfaskriftir<br>- Spurningagerð<br>- Ritunarrammi | Námsmatsaðferðir grundvallast af hæfniviðmiðum viðkomandi námsgreinar. Sjá nánar á Mentor. |

# 1.4. Málfræði og stafsetning

Færni í notkun tungumáls, bæði móðurmáls og annarra mála, er grundvallaratriði í mannlegum samskiptum. Markmið málfræðikennslu í grunnskóla er að gera nemendur viðræðuhæfa um mál og málfar, gera þá að betri málnotendum og glæða áhuga þeirra á móðurmálinu. Málfræðihugtök koma að gagni þegar rætt er um mál og málnotkun. Þau eru nauðsynleg til þess að hafa full not af orðabókum, handbókum og öðrum gagnabrunnum um mál. Málfræði og kennsla hennar má ekki vera einangrað fyrirbæri í kennslunni heldur virk í athugun á texta og töluðu máli, ekki síst í umfjöllun um texta nemenda sjálfra.

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið | Leiðir | Mat |
|---|---|---|---|---|
| - Málfræði<br>- Stafsetning<br>- Stafrófið<br>- Sjónrænn orðaforði<br>- Kyn og tala<br>- Margræðni orða<br>- Lýsingarorð<br>- Sagnorð<br>- Nafnorð | - Skinna I og 2, les- og verkefnabók<br>- Réttritunarorðabók<br>- Ljósrituð verkefni frá kennara | Nemandi geti:<br>- Beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ráðið yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska.<br>- Þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein.<br>- Raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag.<br>- Gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingaroroða og sagnorða.<br>- Leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins, svo sem margræðni orða og fundið kyn og tölu.<br>- Búið til málsgreinar og ráðið við að greina málsgreinar í eigin texta.<br>- Greint mun á samnöfnum og sérnöfnum og m.a.a bent á þau í eigin texta.<br>- Leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma og fara í orðaleiki.<br>- Beitt einföldum málfræði og stafsetningarreglum.<br>- Þekkt stóran og lítinn staf.<br>- Þekkt og fundið bókstafi, hljóð, orð og setningar. | - Krossgátur<br>- Ritun eftir upplestri<br>- Námsspil og leikir<br>- Orðaleit<br>- Sóknaskrift<br>- Stafrófsvinna | Námsmatsaðferðir grundvallast af hæfniviðmiðum viðkomandi námsgreinar. Sjá nánar á Mentor. |

## Bjargir fyrir kennara og nemendur

- Ritunarbókin eftir Lasse Ekholm
- Íslenska í 3. og 4. bekk –Handbók kennara
- skolavefurinn.is
- nams.is
- vigfusina.is
- Læsismappa á sameign kennara
- smarttafla.

# 5. bekkur

## A. Íslenska

Traust kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar. Lestur er öflugt tæki nemenda til að afla sér þekkingar auk þess sem tjáning í ræðu og riti er ein af nauðsynlegum forsendum þátttöku í samfélaginu. Íslenska hefur ákveðna sérstöðu meðal annarra námsgreina skólans. Mál og bókmenntir eru menningarafurð þjóðarinnar sem ber að rækta, virða, njóta og þróa. Gott og ríkulegt talmál er ein meginforsenda samskipta og miðlunar og svo á einnig við um ritmálið sem er miðill sköpunar og birtir nýja þekkingu. Með þeim hætti, meðal annars, gegnir íslenskukennsla því hlutverki að vera miðill hugsunar og eintal skrifara við sjálfan sig ef þörf krefur.

Við lok grunnskóla á nemandi að geta gert sér grein fyrir stöðu sinni og ábyrgð sem málnotanda. Hann á að átta sig á því að þegar skóla sleppir er það á hans ábyrgð að rækta og nýta málið sem tæki til náms, samskipta og þátttöku í lýðræðissamfélagi. Það er réttur hvers manns að öðlast þekkingu og færni í máli. Það skiptir einnig miklu að barn með annað mál en íslensku eigi þess kost að læra íslensku svo vel að það geti tekið fullan þátt í samfélaginu, notið menningar og átt þátt í því að móta hana.

**Tímafjöldi á viku:** 7 kennslustundir (40 mín) á viku.

**Námsfyrirkomulag og námsaðlögun:**
Nemendum er skipt niður í fjóra hópa eftir færni í læsi. Nemendur eru þrjá tíma á viku í þessum tímum en fylgja annars umsjónarbekknum. Þessa þrjár kennslustundir á viku er fyrst og fremst lagt áherslu á lestur, læsi og lesskilning.. Hinar fjórar er áherslan á málfræði, stafsetningu, skapandi skrif og skriftarfærni. Einn hópurinn fær aðstoð sérkennara, stuðningsfulltrúa og/eða iðjuþjálfa í læsistímum sem og öðrum íslenskutímum þar sem þurfa þykir Árgangurinn vinnur með sama viðfangsefnið á sama tíma en nemendur takast á við ólík verkefni á ólíkum hraða eftir þörfum. Nemendur fá þjálfun í sjálfstæðum vinnubrögðum en vinna einnig saman í minni hópum að úrlausn verkefna. Nemendur geta færst á milli hópa eftir ástundun, áhuga, árangri og færni. Hópar eru endurskoðaðir u.þ.b. tvisvar á vetri. Auk fyrrgreindra fjögurra hópa er alþjóðaver við skólann en þar fer fram kennsla í íslensku sem annað mál (sjá nánar kaflanum íslenska sem annað mál í skólanámskrá). Þá er einnig einstaklingsmiðuð íslenskukennsla í einhverfudeild út frá einstaklingsnámskrá viðkomandi nemanda hverju sinni (sjá nánar í skólanámskrá fyrir einhverfudeild).

## Námsmat og námsmatsaðlögun

Megintilgangur námsmat er að fylgjast með því hvernig nemendum tekst að ná hæfniviðmiðum, stuðla að námshvatningu, örva nemendur til framfara og meta hvaða aðstoð þeir þurfa. Matið byggist á lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga. Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat sem gefur heildstæða mynd af hæfni nemandans og gefur honum færi á að sýna þekkingu, leikni og hæfni. Sjá nánar á Mentor.

## Grunnþættir menntunar

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþættir menntunar í íslensku í 5. bekk

| Grunnþáttur | Áhersluþættir<br>Nemandi: |
|---|---|
| **Heilbrigði og velferð:** | • vinnur sjálfstætt og í hóp og sýnir frumkvæði,<br>• fær tækifæri til að vinna út frá áhuga og færni,<br>• öðlast jákvætt viðhorf til íslenskunáms, |
| **Jafnrétti:** | • fær verkefni og kennslu við hæfi sem og tækifæri til að rækta hæfileika sína og þrostast út frá eigin forsendum,<br>• fer eftir reglum og vinnur með jafnrétti að leiðarljósi,<br>• fræðist um jafnrétti og réttlæti í gegnum margskonar lestrartexta og ritun. |
| **Lýðræði og mannréttindi:** | • fær tækifæri á að velja viðfangsefni og verkefni,<br>• temur sér gagnrýna hugsun og skoðun,<br>• tekur þátt í hópavinnu þar sem sjónarmið allra fá að njóta sín og kemur fram við aðra af virðingu og ábyrgð,<br>• fær tækifæri til að læra um lýðræði. |
| **Læsi:** | • nær tökum á tækni í lestri og ritun, gagnvirkum lestri og yndislestri,<br>• tjáir sig um verkefni sín og notar hugtök sem tengjast viðfangsefninu,<br>• nýtir tækni sem hentar til verkefnavinnu. |
| **Sjálfbærni:** | • notar kennslubækur, veraldarvefinn og önnur hjálpargögn við vinnu sína,<br>• tekst á við ýmis álitamál og ágreiningsefni í lesnum textum,<br>• tekur þátt í samvinnu. |
| **Sköpun:** | • túlkar sögur og ljóð sem hann les á persónulegan hátt,<br>• semur sögur og ljóð,<br>• notar margskonar sköpun til að vinna með viðfangsefnið, t.d. skapar myndverk við texta,<br>• nýtir tæknina á skapandi hátt,<br>• virkjar hugmyndaflugið til að vinna að og finna lausnir á verkefnum. |

# 1.1. Talað mál, hlustun og áhorf

Í lýðræðisþjóðfélagi er brýnt að geta tekið virkan þátt í umræðum af ýmsu tagi þar sem móðurmálið er mikilvægt samskiptatæki. Nauðsynlegt er að geta tjáð skoðanir sínar, hvort sem er í námi, starfi, félagslífi eða einkalífi. Því er mikilvægt að nemendur þjálfist í að segja skipulega frá og gera grein fyrir þekkingu sinni og skoðunum. Kennsla í töluðu máli og hlustun beinist ekki einungis að því að efla samræður og samskipti í skólastofu, heldur einnig að styrkja hæfni nemanda í notkun ýmissa samskiptamiðla, til að mynda netmiðla þar sem töluðu máli og hlustun er beitt. Þar þarf m.a. að fjalla um siðferði í samskiptum og málnotkun.

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið | Leiðir | Mat |
|---|---|---|---|---|
| - Talað mál<br>- Hlustun<br>- Áhorf<br>- Munnleg frásögn<br>- Samræður og samskipta-reglur í hóp | - Sögubókin<br>- Ýmis ljósrituð verkefni<br>- Ýmsir sögu- og ljóðatextar<br>- Lestrarbækur | Nemandi geti:<br>- Tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar.<br>- Tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyrenda, m.a. með aðstoð leikrænnar tjáningar.<br>- Tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum.<br>- Hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum.<br>- Nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýninn hátt.<br>- Átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi. | - Hlustun<br>- Upplestur og framsögn<br>- Ritun<br>- Munnlegur flutningur<br>- Samvera<br>- Bekkjarfundir<br>- Leikir<br>- Leiklist í kennslu | Námsmatsaðferðir grundvallast af hæfniviðmiðum viðkomandi námsgreinar. Sjá nánar á Mentor. |

# 1.2. Lestur og bókmenntir

Í hugtakinu læsi felst einkum tvennt, lestur og ritun. Í traustu læsi felst m.a. sú hæfni að geta ráðið í lestur, skilið og túlkað það sem texti hefur að geyma, lært af því og geta miðlað þekkingu sinni til viðmælenda eða lesenda. Brýna þarf fyrir nemendum að alla þá texta sem þau finna á vefmiðlum þarf að lesa með gagnrýnum huga og því þarf að kenna nemendum ýmsar leiðir til skilnings og túlkunar og ráð til að þau geti metið með gagnrýnum hætti áreiðanleika upplýsinga.

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið | Leiðir | Mat |
|---|---|---|---|---|
| - Lestur<br>- Lestrar-kennsla og lestrar-verkefni<br>- Yndislestur<br>- Ýmis konar bókmenntir , sögur og ljóð sem hæfa aldri og getu nemandans | - Blákápa<br>- Vanda málið: Minnsta málið, les- og vinnubók<br>- Lestrarkassinn<br>- Valdir bókatextar<br>- Verkefni úr læsismöppu á sameign<br>- Frjáls lestrar bækur | Nemandi geti:<br>- Lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi,lagt mat á hann og túlkað.<br>- Notað þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lestur og skilning á texta.<br>- Greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta.<br>- Lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann.<br>- Lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð, og bókmenntir ætlaðar börnum og unglingum.<br>- Greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sjónarhorni, sögusviði og boðskap.<br>- Beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap.<br>- Aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga.<br>- Lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær.<br>- Valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju. | - Yndislestur<br>- Upplestur<br>- Heimalestur<br>- Víxllestur<br>- Hugtakakort<br>- Heimsóknir á bókasafn<br>- Samlestur<br>- Paralestur<br>- Hóplestur<br>- Umræður<br>- Námsleikir | Námsmatsaðferðir grundvallast af hæfniviðmiðum viðkomandi námsgreinar. Sjá nánar á Mentor. |

# 1.3. Ritun

Kröfur samfélagsins um að fólk geti skrifað margvíslega texta og tjái sig skriflega eru stöðugt að aukast. Mikilvægt er að kenna ritun og lestur samhliða allt frá upphafi skólagöngu þar sem að þau hafa gagn hvort af öðru. Greina má þjálfun í ritun í tvo meginþætti þó svo í reynd séu þeir samofnir. Annars vegar er það textinn sjálfur, val á textagerð, skipan efnisþátta, málsnið, mál og stíll og hins vegar eru það tæknileg atriði en þau eru skrift, stafsetning , uppsetning og frágangur texta. Leggja þarf mikla áherslu á að nemendur nái tökum á að þau setji eigið efni skýrt og skipulega fram og með ýmsum hætti. Nemendur þurfa einnig að læra að gagnrýna og endurskoða eigin texta og taka uppbyggilegri og faglegri gagnrýni til að endurbæta texta.

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið | Leiðir | Mat |
|---|---|---|---|---|
| - Ritun<br>- Ítalíuskrift<br>- Sögugerð og frásagnir<br>- Hugtakakort<br>- Röddin<br>- Framsetning<br>- Skipulag<br>- Hugmyndir<br>- Setningaflæði<br>- Rithefðir<br>- Orðaval | - Skrift 5<br>- Sögubókin<br>- 6+1 til ritunnar<br>- Valin verkefni í skapandi skrifum úr bókinni 6+1 vídd ritunar ásamt öðrum verkefnum | Nemandi geti:<br>- Skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur.<br>- Valið textategund, skipulagt og orðað texta, svo sem sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli, á þann hátt sem hæfir tilefni.<br>- Samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa.<br>- Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim.<br>- Lesið texta og skoðað hann með það í huga að kanna hvernig höfundur skrifar og nýtt það við eigin ritun.<br>- Skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu, vísað til heimilda.<br>- Þekkt og notað víddir ritunar; hugmyndir, skipulag, orðaval, setningaflæði, rithefðir, framsetning og rödd.<br>- Skrifað texta með ákveðinn lesanda í huga, á blað eða tölvu. | - Ljóðagerð<br>- Fjölbreyttur texti<br>- Sögugerð<br>- Hugatakakort<br>- Skólaskrift<br>- Minnislisti og innkaupalisti<br>- Heimildatexti<br>- Bréfaskriftir<br>- Spurningagerð<br>- Ritunarverkefni | Námsmatsaðferðir grundvallast af hæfniviðmiðum viðkomandi námsgreinar. Sjá nánar á Mentor. |

## 1.4. Málfræði og stafsetning

Það sem er grundvallaratriði í mannlegum samskiptum er færni í notkun móðurmálsins. Markmið málfræðikennslu í grunnskóla er að nemendur verði viðræðuhæfir um mál og málfar, þeir verði betri málnotendur og að þeir fái áhuga á móðurmálinu. Málfræðihugtök eru nauðsynsleg til þess að hafa full not af orðabókum, handbókum og öðrum gagnabrunnum um mál. Það er mikilvægt að grípa þau tækifæri sem gefast til að nota málfræðihugök til nánari útskýringa, svo sem við ritun texta, í bókaumfjöllun og í málfarsumræðum. Málfræði og kennsla hennar má ekki vera einangrað fyrirbæri í kennslunni.

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið | Leiðir | Mat |
|---|---|---|---|---|
| - Stafrófið<br>- Samnöfn<br>- Sérnöfn<br>- Orðaforði<br>- Rím<br>- Nafnorð<br>- Sagnorð<br>- Lýsingarorð<br>- Samsett orð<br>- Málsgrein<br>- Samhljóði<br>- Sérhljóði<br>- Margræðni orða | - Vanda málið: minnsta málið les- og vinnubók<br>- Mál til komið, grunn- og vinnubók<br>- Málrækt I<br>- Snara.is<br>- Skinna 2<br>- Verkefni af skólavefnum | Nemandi geti:<br>- Gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það.<br>- Notað allríkulegan orðaforða í ræðu og riti, gert sér grein fyrir margræðni orða og nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun.<br>- Nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál.<br>- Áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra.<br>- Notað orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu og greint notagildi þeirra i texta.<br>- Beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins.<br>- Beitt þekkingu sinni á málfræðilegum hugtökum í umræðu um mál, ekki síst eigið mál, talað og ritað.<br>- Nýtt orðaforða sinn til að skapa ný orð og orðasambönd og notað þau texta.<br>- Gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu. | - Krossgátur<br>- Ritun eftir upplestri<br>- Námsspil og leikir<br>- Orðaleit<br>- Sóknaskrift<br>- Stafrófsvinna<br>- Einstaklingsvinna<br>- Hópvinna<br>- Útikennsla | Námsmatsaðferðir grundvallast af hæfniviðmiðum viðkomandi námsgreinar. Sjá nánar á Mentor. |

## Bjargir fyrir kennara og nemendur

- Ritunarbókin eftir Lasse Ekholm
- 6+1 vídd ritunar
- finnbjorg.is
- malbjorg.is á námsgagnastofnun
- skolavefurinn.is
- Listin að spyrja (handbók fyrir kennara)
- Beinagrindur (handbók um ritun)
- Handbók um ritun og frágang.

# 6. bekkur

## A. Íslenska

Traust kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar. Lestur er öflugt tæki nemenda til að afla sér þekkingar auk þess sem tjáning í ræðu og riti er ein af nauðsynlegum forsendum þátttöku í samfélaginu. Íslenska hefur ákveðna sérstöðu meðal annarra námsgreina skólans. Mál og bókmenntir eru menningarafurð þjóðarinnar sem ber að rækta, virða, njóta og þróa. Gott og ríkulegt talmál er ein meginforsenda samskipta og miðlunar og svo á einnig við um ritmálið sem er miðill sköpunar og birtir nýja þekkingu. Með þeim hætti, meðal annars, gegnir íslenskukennsla því hlutverki að vera miðill hugsunar og eintal skrifara við sjálfan sig ef þörf krefur.

Við lok grunnskóla á nemandi að geta gert sér grein fyrir stöðu sinni og ábyrgð sem málnotanda. Hann á að átta sig á því að þegar skóla sleppir er það á hans ábyrgð að rækta og nýta málið sem tæki til náms, samskipta og þátttöku í lýðræðissamfélagi. Það er réttur hvers manns að öðlast þekkingu og færni í máli. Það skiptir einnig miklu að barn með annað mál en íslensku eigi þess kost að læra íslensku svo vel að það geti tekið fullan þátt í samfélaginu, notið menningar og átt þátt í því að móta hana.

**Tímafjöldi á viku:** 7 kennslustundir (40 mín).

**Námsfyrirkomulag og námsaðlögun:**

Nemendum er skipt niður í fjóra til fimm hópa eftir færni í læsi inni í hverjum umsjónarbekk. Áherslan er fyrst á fremst á læsi, lesskilning, lestrarfærni og ritun en nemendur fá einnig þjálfun í skrift og helstu málfræði- og stafsetningarreglum. Einn hópurinn í hverjum bekk fær aðstoð sérkennara, stuðningsfulltrúa og/eða iðjuþjálfa þar sem þurfa þykir. Árgangurinn vinnur með sama viðfangsefnið á sama tíma en nemendur takast á við ólík verkefni á ólíkum hraða eftir þörfum. Nemendur fá þjálfun sjálfstæðum vinnubrögðum en vinna einnig saman í hópnum sínum að úrlausn verkefna. Nemendur geta færst á milli hópa eftir ástundun, áhuga, árangri og færni. Hópar eru endurskoðaðir u.þ.b. tvisvar á vetri. Auk fyrrgreindra hópa er alþjóðaver við skólann en þar fer fram kennsla í íslensku sem annað mál (sjá nánar kaflanum íslenska sem annað mál í skólanámskrá). Þá er einnig einstaklingsmiðuð íslenskukennsla í einhverfudeild út frá einstaklingsnámskrá viðkomandi nemanda hverju sinni (sjá nánar í skólanámskrá fyrir einhverfudeild).

## Námsmat og námsmatsaðlögun

Megintilgangur námsmat er að fylgjast með því hvernig nemendum tekst að ná hæfniviðmiðum, stuðla að námshvatningu, örva nemendur til framfara og meta hvaða aðstoð þeir þurfa. Matið byggist á lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga. Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat sem gefur heildstæða mynd af hæfni nemandans og gefur honum færi á að sýna þekkingu, leikni og hæfni. Sjá nánar á Mentor.

## Grunnþættir menntunar

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþættir menntunar í íslensku í 6. bekk

| Grunnþáttur | Áhersluþættir<br>Nemandi: |
|---|---|
| **Heilbrigði og velferð:** | • vinnur sjálfstætt og í hóp og sýnir frumkvæði,<br>• fær tækifæri til að vinna út frá áhuga og færni,<br>• öðlast jákvætt viðhorf til íslenskunáms, |
| **Jafnrétti:** | • fær verkefni og kennslu við hæfi sem og tækifæri til að rækta hæfileika sína og þrostast út frá eigin forsendum,<br>• fer eftir reglum og vinnur með jafnrétti að leiðarljósi,<br>• fræðist um jafnrétti og réttlæti í gegnum margskonar lestrartexta og ritun. |
| **Lýðræði og mannréttindi:** | • fær tækifæri á að velja viðfangsefni og verkefni,<br>• temur sér gagnrýna hugsun og skoðun,<br>• tekur þátt í hópavinnu þar sem sjónarmið allra fá að njóta sín og kemur fram við aðra af virðingu og ábyrgð,<br>• fær tækifæri til að læra um lýðræði. |
| **Læsi:** | • nær tökum á tækni í lestri og ritun, gagnvirkum lestri og yndislestri,<br>• tjáir sig um verkefni sín og notar hugtök sem tengjast viðfangsefninu,<br>• nýtir tækni sem hentar til verkefnavinnu. |
| **Sjálfbærni:** | • notar kennslubækur, veraldarvefinn og önnur hjálpargögn við vinnu sína,<br>• tekst á við ýmis álitamál og ágreiningsefni í lesnum textum,<br>• tekur þátt í samvinnu. |
| **Sköpun:** | • túlkar sögur og ljóð sem hann les á persónulegan hátt,<br>• semur sögur og ljóð,<br>• notar margskonar sköpun til að vinna með viðfangsefnið, t.d. skapar myndverk við texta,<br>• nýtir tæknina á skapandi hátt,<br>• virkjar hugmyndaflugið til að vinna að og finna lausnir á verkefnum. |

# 1.1. Talað mál, hlustun og áhorf

Í lýðræðisþjóðfélagi er brýnt að geta tekið virkan þátt í umræðum af ýmsu tagi þar sem móðurmálið er mikilvægt samskiptatæki. Nauðsynlegt er að geta tjáð skoðanir sínar, hvort sem er í námi, starfi, félagslífi eða einkalífi. Því er mikilvægt að nemendur þjálfist í að segja skipulega frá og gera grein fyrir þekkingu sinni og skoðunum. Kennsla í töluðu máli og hlustun beinist ekki einungis að því að efla samræður og samskipti í skólastofu, heldur einnig að styrkja hæfni nemanda í notkun ýmissa samskiptamiðla, til að mynda netmiðla þar sem töluðu máli og hlustun er beitt. Þar þarf m.a. að fjalla um siðferði í samskiptum og málnotkun.

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið | Leiðir | Mat |
|---|---|---|---|---|
| - Talað mál<br>- Ljóðaflutningur<br>- Upplestur<br>- Hlustun<br>- Áhorf<br>- Munnleg frásögn<br>- Samræður og samskipta-reglur í hóp | - Sögubókin<br>- Ýmis ljósrituð verkefni<br>- Ýmsir sögu- og ljóðatextar<br>- Lestrarbækur | Nemandi geti:<br>- Tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar.<br>- Tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyrenda, m.a. með aðstoð leikrænnar tjáningar.<br>- Tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum.<br>- Hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum.<br>- Nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýninn hátt.<br>- Átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi. | - Hlustun<br>- Upplestur og framsögn<br>- Ritun<br>- Munnlegur flutningur<br>- Samvera<br>- Bekkjarfundir<br>- Leikir<br>- Leiklist í kennslu | Námsmatsaðferðir grundvallast af hæfniviðmiðum viðkomandi námsgreinar. Sjá nánar á Mentor. |

# 1.2. Lestur og bókmenntir

Í hugtakinu læsi felst einkum tvennt, lestur og ritun. Í traustu læsi felst m.a. sú hæfni að geta ráðið í lestur, skilið og túlkað það sem texti hefur að geyma, lært af því og geta miðlað þekkingu sinni til viðmælenda eða lesenda. Brýna þarf fyrir nemendum að alla þá texta sem þau finna á vefmiðlum þarf að lesa með gagnrýnum huga og því þarf að kenna nemendum ýmsar leiðir til skilnings og túlkunar og ráð til að þau geti metið með gagnrýnum hætti áreiðanleika upplýsinga.

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið | Leiðir | Mat |
|---|---|---|---|---|
| - Lestur<br>- Lestrar-kennsla og lestrar-verkefni<br>- Yndislestur<br>- Ýmis konar bókmenntir, sögur og ljóð sem hæfa aldri og getu nemandans | - Rauðkápa<br>- Vanda málið: Ekki málið, les- og vinnubók<br>- Lestrarkassinn<br>- Valdir bókatextar<br>- Verkefni úr læsismöppu á sameign<br>- Frjáls lestrar bækur<br>- Snorra saga | Nemandi geti:<br>- Lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi,lagt mat á hann og túlkað.<br>- Notað þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lestur og skilning á texta.<br>- Greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta.<br>- Lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann.<br>- Lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð, og bókmenntir ætlaðar börnum og unglingum.<br>- Greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sjónarhorni, sögusviði og boðskap.<br>- Beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap.<br>- Aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga.<br>- Lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær.<br>- Valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju. | - Yndislestur<br>- Upplestur<br>- Heimalestur<br>- Víxllestur<br>- Hugtakakort<br>- Heimsóknir á bókasafn<br>- Samlestur<br>- Paralestur<br>- Hóplestur<br>- Umræður<br>- Námsleikir<br>- Bókagagnrýni<br>- Lesskilningsverkefni | Námsmatsaðferðir grundvallast af hæfniviðmiðum viðkomandi námsgreinar. Sjá nánar á Mentor. |

## 1.3. Ritun

Kröfur samfélagsins um að fólk geti skrifað margvíslega texta og tjái sig skriflega eru stöðugt að aukast. Mikilvægt er að kenna ritun og lestur samhliða allt frá upphafi skólagöngu þar sem að þau hafa gagn hvort af öðru. Greina má þjálfun í ritun í tvo meginþætti þó svo í reynd séu þeir samofnir. Annars vegar er það textinn sjálfur, val á textagerð, skipan efnisþátta, málsnið, mál og stíll og hins vegar eru það tæknileg atriði en þau eru skrift, stafsetning , uppsetning og frágangur texta. Leggja þarf mikla áherslu á að nemendur nái tökum á að þau setji eigið efni skýrt og skipulega fram og með ýmsum hætti. Nemendur þurfa einnig að læra að gagnrýna og endurskoða eigin texta og taka uppbyggilegri og faglegri gagnrýni til að endurbæta texta.

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið | Leiðir | Mat |
|---|---|---|---|---|
| - Ritun<br>- Ítalíuskrift<br>- Sögugerð og frásagnir Hugtakakort<br>- Röddin<br>- Framsetning<br>- Skipulag<br>- Hugmyndir<br>- Setningaflæði<br>- Rithefðir<br>- Orðaval | - Skrift 6<br>- Sögubókin<br>- Valin verkefni í skapandi skrifum úr bókinni 6+1 vídd ritunar ásamt öðrum verkefnum | Nemandi geti:<br>- Skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur.<br>- Valið textategund, skipulagt og orðað texta, svo sem sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli, á þann hátt sem hæfir tilefni.<br>- Samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa.<br>- Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim.<br>- Lesið texta og skoðað hann með það í huga að kanna hvernig höfundur skrifar og nýtt það við eigin ritun.<br>- Skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu, vísað til heimilda.<br>- Þekkt og notað víddir ritunar; hugmyndir, skipulag, orðaval, setningaflæði, rithefðir, framsetning og rödd.<br>- Skrifað texta með ákveðinn lesanda í huga, á blað eða tölvu. | - Ljóðagerð<br>- Fjölbreyttur texti<br>- Sögugerð<br>- Hugatakakort<br>- Heimildatexti<br>- Bréfaskriftir<br>- Spurningagerð<br>- Ritunarverkefni | Námsmatsaðferðir grundvallast af hæfniviðmiðum viðkomandi námsgreinar. Sjá nánar á Mentor. |

# 1.4. Málfræði og stafsetning

Það sem er grundvallaratriði í mannlegum samskiptum er færni í notkun móðurmálsins. Markmið málfræðikennslu í grunnskóla er að nemendur verði viðræðuhæfir um mál og málfar, þeir verði betri málnotendur og að þeir fái áhuga á móðurmálinu. Málfræðihugtök eru nauðsynsleg til þess að hafa full not af orðabókum, handbókum og öðrum gagnabrunnum um mál. Það er mikilvægt að grípa þau tækifæri sem gefast til að nota málfræðihugök til nánari útskýringa, svo sem við ritun texta, í bókaumfjöllun og í málfarsumræðum. Málfræði og kennsla hennar má ekki vera einangrað fyrirbæri í kennslunni.

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið | Leiðir | Mat |
|---|---|---|---|---|
| - Nafnorð<br>- Sagnorð<br>- Lýsingarorð<br>- Nýyrði<br>- Samsett orð<br>- Y, ý og ey<br>- N og nn<br>- Ng og nk<br>- Kvenkynsorð sem enda á unn og un<br>- Karlkynsorð sem enda á an, inn og ann<br>- Nafnháttur<br>- Stofn orða<br>- Fornöfn<br>- Samheiti<br>- Andheiti<br>- J-reglur<br>- Orðtök<br>- Málshættir<br>- Notkun orðabóka og gagnabrunna | - Vanda málið: ekki málið les- og vinnubók<br>- Mál í mótun, grunn- og vinnubók<br>- Málrækt 2<br>- Snara.is<br>- Skræða 1<br>- Verkefni af skólavefnum | Nemandi geti:<br>- Gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það.<br>- Notað allríkulegan orðaforða í ræðu og riti, gert sér grein fyrir margræðni orða og nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun.<br>- Nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál.<br>- Áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra.<br>- Notað orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu og greint notagildi þeirra i texta.<br>- Beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins.<br>- Beitt þekkingu sinni á málfræðilegum hugtökum í umræðu um mál, ekki síst eigið mál, talað og ritað.<br>- Nýtt orðaforða sinn til að skapa ný orð og orðasambönd og notað þau texta.<br>- Gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu. | - Krossgátur<br>- Ritun eftir upplestri<br>- Námsspil og leikir<br>- Orðaleit<br>- Sóknaskrift<br>- Stafrófsvinna<br>- Einstaklingsvinna<br>- Hópvinna<br>- Útikennsla | Námsmatsaðferðir grundvallast af hæfniviðmiðum viðkomandi námsgreinar. Sjá nánar á Mentor. |

## Bjargir fyrir kennara og nemendur

- Ritunarbókin eftir Lasse Ekholm
- 6+1 vídd ritunar
- finnbjorg.is
- malbjorg.is á námsgagnastofnun
- skolavefurinn.is
- Listin að spyrja (handbók fyrir kennara)
- Beinagrindur (handbók um ritun)
- Handbók um ritun og frágang.

# 7. bekkur

# A. Íslenska

Traust kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar. Lestur er öflugt tæki nemenda til að afla sér þekkingar auk þess sem tjáning í ræðu og riti er ein af nauðsynlegum forsendum þátttöku í samfélaginu. Íslenska hefur ákveðna sérstöðu meðal annarra námsgreina skólans. Mál og bókmenntir eru menningarafurð þjóðarinnar sem ber að rækta, virða, njóta og þróa. Gott og ríkulegt talmál er ein meginforsenda samskipta og miðlunar og svo á einnig við um ritmálið sem er miðill sköpunar og birtir nýja þekkingu. Með þeim hætti, meðal annars, gegnir íslenskukennsla því hlutverki að vera miðill hugsunar og eintal skrifara við sjálfan sig ef þörf krefur.

Við lok grunnskóla á nemandi að geta gert sér grein fyrir stöðu sinni og ábyrgð sem málnotanda. Hann á að átta sig á því að þegar skóla sleppir er það á hans ábyrgð að rækta og nýta málið sem tæki til náms, samskipta og þátttöku í lýðræðissamfélagi. Það er réttur hvers manns að öðlast þekkingu og færni í máli. Það skiptir einnig miklu að barn með annað mál en íslensku eigi þess kost að læra íslensku svo vel að það geti tekið fullan þátt í samfélaginu, notið menningar og átt þátt í því að móta hana.

**Tímafjöldi á viku:** 7 kennslustundir (40 mín) á viku.

**Námsfyrirkomulag og námsaðlögun:**
Nemendum er skipt niður í fjóra hópa eftir færni í læsi. Nemendur eru þrjá tíma á viku í þessum tímum en fylgja annars umsjónarbekknum. Þessa þrjár kennslustundir á viku er fyrst og fremst lagt áherslu á lestur, læsi og lesskilning.. Hinar fjórar er áherslan á málfræði, stafsetningu, skapandi skrif og skriftarfærni. Einn hópurinn fær aðstoð sérkennara, stuðningsfulltrúa og/eða iðjuþjálfa í læsistímum sem og öðrum íslenskutímum þar sem þurfa þykir Árgangurinn vinnur með sama viðfangsefnið á sama tíma en nemendur takast á við ólík verkefni á ólíkum hraða eftir þörfum. Nemendur fá þjálfun sjálfstæðum vinnubrögðum en vinna einnig saman í minni hópum að úrlausn verkefna. Nemendur geta færst á milli hópa eftir ástundun,  áhuga, árangri og færni. Hópar eru endurskoðaðir u.þ.b. tvisvar á vetri. Auk fyrrgreindra  fjögurra hópa er alþjóðaver við skólann en þar fer fram kennsla í íslensku sem annað mál (sjá nánar kaflanum íslenska sem annað mál í skólanámskrá). Þá er einnig einstaklingsmiðuð íslenskukennsla í einhverfudeild út frá einstaklingsnámskrá viðkomandi nemanda hverju sinni (sjá nánar í skólanámskrá fyrir einhverfudeild).

## Námsmat og námsmatsaðlögun

Megintilgangur námsmat er að fylgjast með því hvernig nemendum tekst að ná hæfniviðmiðum, stuðla að námshvatningu, örva nemendur til framfara og meta hvaða aðstoð þeir þurfa. Matið byggist á lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga. Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat sem gefur heildstæða mynd af hæfni nemandans og gefur honum færi á að sýna þekkingu, leikni og hæfni. Sjá nánar á Mentor.

## Grunnþættir menntunar

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþættir menntunar í íslensku í 7. bekk

| Grunnþáttur | Áhersluþættir<br>Nemandi: |
|---|---|
| **Heilbrigði og velferð:** | • vinnur sjálfstætt og í hóp og sýnir frumkvæði,<br>• fær tækifæri til að vinna út frá áhuga og færni,<br>• öðlast jákvæða sjálfsmynd og jákvætt viðhorf til íslenskunáms, |
| **Jafnrétti:** | • fær verkefni og kennslu við hæfi sem og tækifæri til að rækta hæfileika sína og þrostast út frá eigin forsendum,<br>• fer eftir reglum og vinnur með jafnrétti að leiðarljósi,<br>• fræðist um jafnrétti og réttlæti í gegnum margskonar lestrartexta og ritun. |
| **Lýðræði og mannréttindi:** | • eflir læsi á margvíslegan hátt, m.a. í gegnum yndislestur, ritun og bókmenntir,<br>• fær tækifæri á að velja viðfangsefni og verkefni,<br>• les fjölbreyttan texta með gagnrýnni hugsun og leggur skilning í þá út frá þekkingu og reynslu,<br>• tekur þátt í hópavinnu þar sem sjónarmið allra fá að njóta sín og kemur fram við aðra af virðingu og ábyrgð, |
| **Læsi:** | • nær tökum á tækni í lestri og ritun, gagnvirkum lestri og yndislestri,<br>• tjáir sig um verkefni sín og notar hugtök sem tengjast viðfangsefninu,<br>• nýtir tækni sem hentar til verkefnavinnu. |
| **Sjálfbærni:** | • notar kennslubækur, veraldarvefinn og önnur hjálpargögn við vinnu sína,<br>• tekst á við ýmis álitamál og ágreiningsefni í lesnum textum,<br>• tekur þátt í samvinnu þar sem allir nemendur eru samábyrgir. |
| **Sköpun:** | • túlkar sögur og ljóð sem hann les á persónulegan hátt og miðlar henni til annarra,<br>• semur sögur og ljóð,<br>• notar margskonar sköpun til að vinna með viðfangsefnið, t.d. skapar myndverk við texta,<br>• nýtir tæknina á skapandi hátt,<br>• virkjar hugmyndaflugið til að vinna að og finna lausnir á verkefnum. |

# 1.1. Talað mál, hlustun og áhorf

Í lýðræðisþjóðfélagi er brýnt að geta tekið virkan þátt í umræðum af ýmsu tagi þar sem móðurmálið er mikilvægt samskiptatæki. Nauðsynlegt er að geta tjáð skoðanir sínar, hvort sem er í námi, starfi, félagslífi eða einkalífi.  Því er mikilvægt að nemendur þjálfist í að segja skipulega frá og gera grein fyrir þekkingu sinni og skoðunum.  Kennsla í töluðu máli og hlustun beinist ekki einungis að því að efla samræður og samskipti í skólastofu, heldur einnig að styrkja hæfni nemanda í notkun ýmissa samskiptamiðla, til að mynda netmiðla þar sem töluðu máli og hlustun er beitt. Þar þarf m.a. að fjalla um siðferði í samskiptum og málnotkun.

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið | Leiðir | Mat |
|---|---|---|---|---|
| - Talað mál<br>- Hlustun<br>- Áhorf<br>- Munnleg frásögn<br>- Samræður og samskipta-reglur í hóp | - Sögubókin<br>- Ýmsir sögu- og ljóðatextar<br>- Lestrarbækur | Nemandi geti:<br>- Tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar.<br>- Tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyrenda, m.a. með aðstoð leikrænnar tjáningar.<br>- Tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum.<br>- Hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum.<br>- Nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýninn hátt.<br>- Átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi. | - Hlustun<br>- Upplestur og framsögn<br>- Ritun<br>- Munnlegur flutningur<br>- Samvera<br>- Bekkjarfundir<br>- Leikir<br>- Leiklist í kennslu<br>- Stóra upplestrarkeppnin | Námsmatsaðferðir grundvallast af hæfniviðmiðum viðkomandi námsgreinar. Sjá nánar á Mentor. |

# 1.2. Lestur og bókmenntir

Í hugtakinu læsi felst einkum tvennt, lestur og ritun. Í traustu læsi felst m.a. sú hæfni að geta ráðið í lestur, skilið og túlkað það sem texti hefur að geyma, lært af því og geta miðlað þekkingu sinni til viðmælenda eða lesenda. Brýna þarf fyrir nemendum að alla þá texta sem þau finna á vefmiðlum þarf að lesa með gagnrýnum huga og því þarf að kenna nemendum ýmsar leiðir til skilnings og túlkunar og ráð til að þau geti metið með gagnrýnum hætti áreiðanleika upplýsinga.

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið | Leiðir | Mat |
|---|---|---|---|---|
| - Lestur<br>- Lestrar-kennsla og lestrar-verkefni<br>- Yndislestur<br>- Ýmis konar bókmenntir, sögur og ljóð sem hæfa aldri og getu nemandans | - Grænkápa<br>- Vanda málið: Þetta er málið, les- og vinnubók<br>- Lestrarkassinn<br>- Valdir bókatextar<br>- Verkefni úr læsismöppu á sameign<br>- Frjáls lestrar bækur<br>- Miðaldafólk á ferð og flugi | Nemandi geti:<br>- Lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi,lagt mat á hann og túlkað.<br>- Notað þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lestur og skilning á texta.<br>- Greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta.<br>- Lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann.<br>- Lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð, og bókmenntir ætlaðar börnum og unglingum.<br>- Greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sjónarhorni, sögusviði og boðskap.<br>- Beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap.<br>- Aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga.<br>- Lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær.<br>- Valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju. | - Yndislestur<br>- Upplestur<br>- Heimalestur<br>- Víxllestur<br>- Hugtakakort<br>- Heimsóknir á bókasafn<br>- Samlestur<br>- Paralestur<br>- Hóplestur<br>- Umræður<br>- Námsleikir | Námsmatsaðferðir grundvallast af hæfniviðmiðum viðkomandi námsgreinar. Sjá nánar á Mentor. |

# 1.3. Ritun

Kröfur samfélagsins um að fólk geti skrifað margvíslega texta og tjái sig skriflega eru stöðugt að aukast. Mikilvægt er að kenna ritun og lestur samhliða allt frá upphafi skólagöngu þar sem að þau hafa gagn hvort af öðru. Greina má þjálfun í ritun í tvo meginþætti þó svo í reynd séu þeir samofnir. Annars vegar er það textinn sjálfur, val á textagerð, skipan efnisþátta, málsnið, mál og stíll og hins vegar eru það tæknileg atriði en þau eru skrift, stafsetning , uppsetning og frágangur texta. Leggja þarf mikla áherslu á að nemendur nái tökum á að þau setji eigið efni skýrt og skipulega fram og með ýmsum hætti. Nemendur þurfa einnig að læra að gagnrýna og endurskoða eigin texta og taka uppbyggilegri og faglegri gagnrýni til að endurbæta texta.

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið | Leiðir | Mat |
|---|---|---|---|---|
| - Ritun<br>- Ítalíuskrift<br>- Sögugerð og frásagnir<br>- Hugtakakort<br>- Röddin<br>- Framsetning<br>- Skipulag<br>- Hugmyndir<br>- Setningaflæði<br>- Rithefðir<br>- Orðaval | - Skrift 7<br>- Sögubókin<br>- Valin verkefni í skapandi skrifum úr bókinni 6+1 vídd ritunar ásamt öðrum verkefnum | Nemandi geti:<br>- Skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur.<br>- Valið textategund, skipulagt og orðað texta, svo sem sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli, á þann hátt sem hæfir tilefni.<br>- Samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa.<br>- Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim.<br>- Lesið texta og skoðað hann með það í huga að kanna hvernig höfundur skrifar og nýtt það við eigin ritun.<br>- Skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu, vísað til heimilda.<br>- Þekkt og notað víddir ritunar; hugmyndir, skipulag, orðaval, setningaflæði, rithefðir, framsetning og rödd.<br>- Skrifað texta með ákveðinn lesanda í huga, á blað eða tölvu. | - Ljóðagerð<br>- Fjölbreyttur texti<br>- Sögugerð<br>- Hugatakakort<br>- Heimildatexti<br>- Spurningagerð<br>- Ritunarverkefni | Námsmatsaðferðir grundvallast af hæfniviðmiðum viðkomandi námsgreinar. Sjá nánar á Mentor. |

# 1.4. Málfræði og stafsetning

Það sem er grundvallaratriði í mannlegum samskiptum er færni í notkun móðurmálsins. Markmið málfræðikennslu í grunnskóla er að nemendur verði viðræðuhæfir um mál og málfar, þeir verði betri málnotendur og að þeir fái áhuga á móðurmálinu. Málfræðihugtök eru nauðsynsleg til þess að hafa full not af orðabókum, handbókum og öðrum gagnabrunnum um mál. Það er mikilvægt að grípa þau tækifæri sem gefast til að nota málfræðihugök til nánari útskýringa, svo sem við ritun texta, í bókaumfjöllun og í málfarsumræðum. Málfræði og kennsla hennar má ekki vera einangrað fyrirbæri í kennslunni.

| Viðfangsefni | Námsefni | Hæfniviðmið | Leiðir | Mat |
|---|---|---|---|---|
| - Málfræði<br>- Stafsetning | - Vanda málið: Þetta er málið les- og vinnubók<br>- Mál er miðill, grunn- og vinnubók<br>- Málrækt 3<br>- Snara.is<br>- Skræða 2<br>- Verkefni af skólavefnum | Nemandi geti:<br>- Gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það.<br>- Notað allríkulegan orðaforða í ræðu og riti, gert sér grein fyrir margræðni orða og nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun.<br>- Nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál.<br>- Áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra.<br>- Notað orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu og greint notagildi þeirra i texta.<br>- Beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins.<br>- Beitt þekkingu sinni á málfræðilegum hugtökum í umræðu um mál, ekki síst eigið mál, talað og ritað.<br>- Nýtt orðaforða sinn til að skapa ný orð og orðasambönd og notað þau texta.<br>- Gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu. | - Krossgátur<br>- Ritun eftir upplestri<br>- Námsspil og leikir<br>- Orðaleit<br>- Stafrófsvinna<br>- Einstaklingsvinna<br>- Hópvinna<br>- Útikennsla | Námsmatsaðferðir grundvallast af hæfniviðmiðum viðkomandi námsgreinar. Sjá nánar á Mentor. |

## Bjargir fyrir kennara og nemendur

- Ritunarbókin eftir Lasse Ekholm
- 6+1 vídd ritunar
- finnbjorg.is
- malbjorg.is á námsgagnastofnun
- skolavefurinn.is
- Listin að spyrja (handbók fyrir kennara)
- Beinagrindur (handbók um ritun)
- Handbók um ritun og frágang.

# 8. bekkur

## A. Íslenska

Traust kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar. Lestur er öflugt tæki nemenda til að afla sér þekkingar auk þess sem tjáning í ræðu og riti er ein af nauðsynlegum forsendum þátttöku í samfélaginu. Íslenska hefur ákveðna sérstöðu meðal annarra námsgreina skólans. Mál og bókmenntir eru menningarafurð þjóðarinnar sem ber að rækta, virða, njóta og þróa. Gott og ríkulegt talmál er ein meginforsenda samskipta og miðlunar og svo á einnig við um ritmálið sem er miðill sköpunar og birtir nýja þekkingu. Með þeim hætti, meðal annars, gegnir íslenskukennsla því hlutverki að vera miðill hugsunar og eintal skrifara við sjálfan sig ef þörf krefur.

Við lok grunnskóla á nemandi að geta gert sér grein fyrir stöðu sinni og ábyrgð sem málnotanda. Hann á að átta sig á því að þegar skóla sleppir er það á hans ábyrgð að rækta og nýta málið sem tæki til náms, samskipta og þátttöku í lýðræðissamfélagi. Það er réttur hvers manns að öðlast þekkingu og færni í máli. Það skiptir einnig miklu að barn með annað mál en íslensku eigi þess kost að læra íslensku svo vel að það geti tekið fullan þátt í samfélaginu, notið menningar og átt þátt í því að móta hana.

**Tímafjöldi á viku:** 4 kennslustundir (60 mín) á viku.

**Námsfyrirkomulag og námsaðlögun:**

Nemendum er skipt niður í fjóra hópa eftir virkni, færni og ástundun. Einn hópurinn fær aðstoð sérkennara, stuðningsfulltrúa og/eða iðjuþjálfa í læsistímum sem og öðrum íslenskutímum þar sem þurfa þykir Árgangurinn vinnur með sama viðfangsefnið á sama tíma en nemendur takast á við ólík verkefni sem krefjast mismunandi færni á misjöfnum hraða eftir þörfum. Nemendur fá þjálfun sjálfstæðum vinnubrögðum en vinna einnig saman í minni hópum að úrlausn verkefna. Nemendur geta færst á milli hópa eftir ástundun, áhuga, árangri og færni. Hópar eru endurskoðaðir u.þ.b. tvisvar á vetri. Auk fyrrgreindra fjögurra hópa er alþjóðaver við skólann en þar fer fram kennsla í íslensku sem annað mál (sjá nánar kaflanum íslenska sem annað mál í skólanámskrá). Þá er einnig einstaklingsmiðuð íslenskukennsla í einhverfudeild út frá einstaklingsnámskrá viðkomandi nemanda hverju sinni (sjá nánar í skólanámskrá fyrir einhverfudeild).

**Námsmat og námsmatsaðlögun**

Megintilgangur námsmat er að fylgjast með því hvernig nemendum tekst að ná hæfniviðmiðum, stuðla að námshvatningu, örva nemendur til framfara og meta hvaða aðstoð þeir þurfa. Matið byggist á lykilhæfni í námi sem byggir á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga. Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat sem gefur heildstæða mynd af hæfni nemandans og gefur honum færi á að sýna þekkingu, leikni og hæfni. Sjá nánar á Mentor.

**Grunnþættir menntunar í íslensku í 8. bekk**

| Grunnþáttur | Áhersluþættir<br>Nemandi: |
|---|---|
| **Heilbrigði og velferð:** | • tileinkar sér jákvætt siðferði og orðbragð í skólanum og utan hans,<br>• gerir sér grein fyrir heimi netmiðlanna og þeim hættum sem þeir búa yfir ef ekki er varlega farið í skrifum á netinu. |
| **Jafnrétti:** | • mismunari ekki einstaklingum eða hópum vegna kynferðis, kynhneigðar, búsetu, uppruna litarháttar, fötlunar, trúarbragða eða félagslegrar stöðu,<br>• vinnur með námsefni og geri verkefni sem höfða jafnt til beggja kynja,<br>• tekur tillit til skoðana annarra. |
| **Lýðræði og mannréttindi:** | • sýnir samskiptahæfni, vinnur með öðrum af fullri virðingu og umburðarlyndi,<br>• tekur þátt í samstarfi í hópi á jákvæðan og uppbyggilegan hátt,<br>• fær tækifæri til að móta og hafa skoðun á því námsefni og áherslum sem unnið er með í skólanum. |
